

# Fuglamerkingar á Íslandi 1995

## Merkingar

Alls hafa 43 merkingamenn sent inn skýrslur yfir fuglamerkingar sínar árið 1995. Samtals merktu þeir 13.557 fugla á árinu, sem er rétt yfir meðaltali undanfarinna 10 ára (13.152). Frá því að Náttúrufræðistofnun Íslands hóf að merkja fugla árið 1932 og til ársloka 1995 hafa því alls verið merktir rúmlega 390.000 einstaklingar. Hlutfallsleg skipting fuglanna eftir aldri var svipuð og undanfarin ár, eða um 55% ófleygir ungar og 45% fullvaxnir. Fjöldi tegunda var 58, sem er nokkuð færra en í meðalári, því óvenju lítið var merkt af flækingsfuglum. Sitthvor grá- og svartþrösturinn var merktur á árinu og 113 tegundin frá upphafi bættist við, förfufálki. Mest var merkt af langvíum, 2112 einstaklingar, og hefur slíkur fjöldi þessarar algengu en torsóttu tegundar aldrei verið merktur á einu ári. Fram til 1995 höfðu einungis verið merktar 3252 langvíur á Íslandi. Næstmest var merkt af lunda (1900 fuglar), sem styrkir hann í sæti sínu sem mest merkta tegund á Íslandi (alls nær 64.000 fuglar). Rita (1487) var þriðja í röðinni, skógarþröstur (1150) fjórða og snjóttittlingur (1123) fimmta.

Merkingar á Íslandi byggja að stórum hluta á starfi áhugamanna og fóru nærri 70% allra fugla á árinu um hendur þeirra, eða tæp 10.000. Virkastir áhugamanna á árinu voru Ólafur Torfason (merkti 2396 fugla), Sverrir Thorstensen (1989), Óskar J. Sigurðsson (1453), Sigurður Ingvarsson (599) og Hálfðán Björnsson (436).

## Endurheimtur

Þegar þetta er skrifað í október 1996 hafa rúmlega 1100 tilkynningar borist Náttúrufræðistofnun um endurheimtur íslenskra merkja á árinu 1995, og eru langflestar innlendar. Upplýsingar hafa borist um 54 endurheimtur íslenskra fugla erlendis frá, auk 104 endurheimta erlendra merkja á Íslandi. Þessar tölur eru þó fjarri því að vera endanlegar, því tilkynningar berast oft seint frá fíndendum merkja.

Ekki er mörgum langferðum til að dreifa í endurheimtum ársins, en þó er ástæða til að geta tveggja. Silamáfur (nr. 331738) sem merktur var sem fullorðinn á Álfsnesi á Kjalarnesi 9. ágúst 1993 var skotinn á vetrar-

stöðvum við Sbou í Marokkó 17. nóvember 1995, um 2480 km frá merkingastað. Súla (nr. 05115) sem merkt var sem fullorðin á hreiðri í Skrúðnum 13. júlí 1995 fannst illa haldin við Agadir í Marokkó 10. desember 1995, um 3840 km frá merkingastað.

Stari (Stockholm 4260891) sem merktur var sem ungi í hreiðri í Abisko í sænska Lapplandi 17. júní 1995 fannst dauður á skipi á Skrúðsgrunni 26. október 1995. Þetta er þriðja endurheimta stara sem tengir Ísland og útlönd.

Elstu fuglarnir sem endurheimtust á árinu voru um þrítugt. Það voru tveir lundar úr Vestmannaeyjum, sem merktir voru sem fullorðnir í varpi í Stórhöfða. Sá fyrri (419424) var merktur 2. ágúst 1963 og var veiddur í háf í Suðurey nærri 32 árum síðar hinn 18. júlí 1995. Honum var sleppt með sama merki. Hinn (421195) var merktur 17. júní 1964 en veiddur í háf og drepinn 8. júlí 1995, eða rúmum 31 árum síðar. Hann hefur líklegast þurft talsverða suðu! Loks má nefna tjald (Brit. Mus. SS62057) sem merktur var sem fullvaxinn í Wales á Bretlandseyjum hinn 20. september 1966 og fannst særður 22. apríl 1995 við Vík í Mýrdal, tæpum 29 árum frá merkingu og a.m.k. 30 árum frá því að hann kom úr eggi.

## SUMMARY

### The Icelandic Bird Ringing Scheme 1995

A short account on the 64th year of the Icelandic Bird Ringing Scheme is given. Forty-three ringers reported a total of 13,557 birds ringed in 1995 (6089 fullgrown and 7468 unfledged chicks) of 58 species. The species of which highest number of individuals was ringed in 1995 was Common Guillemot *Uria aalge* with 2112 individuals ringed, which is a great improvement compared with a grand total of 3253 ringed 1932-1994. Puffin *Fratercula arctica* comes at second place with 1900 birds ringed in 1995, Kittiwake *Rissa tridactyla* (1487) comes third, followed by Redwing *Turdus iliacus* (1150) and Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* (1123). This brings the grand total of birds ringed in Iceland to more than 390,000 since 1932. About 1100 recoveries and sightings of birds ringed in Iceland were reported to the Icelandic Institute of Natural History in 1995, where of 54 were from abroad. Further 104 recoveries or sightings in Iceland of foreign ringed birds were reported.

Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.